

Órlygur Hálfánarson forstjóri, t.v., og Gils Guðmundsson rithöfundur.

„Sól rís í vestri“

Ný bók eftir Grétu Sigfúsdóttur

ALMENNA bókafélagið hefur sent frá sér bókina „Sól rís í vestri“ eftir Grétu Sigfúsdóttur, og er þetta fimmta bók höfundar. Á bókarkápu segir m.a.: „Norður er nú uppeftir, suður niðureftir Austur er til hægri og vestur til

vinstri — öfugt. Svo er jafnvel komið að sól ris í vestri.

Þannig lýsir Gréta Sigfúsdóttir siðgæðisvitund okkar. Hún sýnir okkur stéttamismun og segir frá vafasömum viðskiptaháttum, pólitískum loddaraleik og siðspillingu sem nær hámarki í kynvillu og morði, frömdu í leit að afþreyingu einni saman.

Gréta gefur okkur lesendum viðmiðun í einni heilbrigðri persónu, svo við megum halda áttum. Sú er heiðvird alþýðukona, eðlileg á allan hátt. Hún hefur sínar kenndir og sína drauma. Hið átakanlega er, að það er hún sem færir af sér leiksoppa spillingarinnar. Í kennileiti glitir því undir sögulok, og við lesturinn njótum við sannferðugar þjóðlífslýsingar. Fyrst á lífi til sveita og í sjávarþorpi á fyrri hluta aldarinnar, en síðan í Reykjavík frá því nokkru fyrir spönsku veikina og allt til dagsins í dag.

Bókin Sól rís í vestri er 216 bls. að stærð. Hún er sett og prentuð í Setberg, Bókfell h.f. sá um bók-haldnið og káputeikningu gerði Ottó Ólafsson.



Gréta Sigfúsdóttir.

Skútuöldin — aukin og endurbætt — komin út

SKÚTUÖLDIN eftir Gils Guðmundsson, alls fimm bindi, er nýlega komin út hjá Bókaútgáfunni Erni og Órlygi, og hefur þessi útgáfa verið aukin bæði að máli og myndum frá þeirri útgáfu sem kom upphaflega út í tveimur stórum bindum árin 1944 og 1946 en hefur verið ófánleg nú um þrjátíu ára skeið. Samkvæmt upplýsingum útgefanda eru 1. og 2. bindi og síðan 4. og 5. að mestu sama efni og var í fyrri útgáfunni en 3ja bindið er hins vegar víðauki og fjallar um skútuútgærdina við Faxaflóa, en því efni var sleppt í fyrri útgáfunni vegna þess að um það leyti kom út rit Vilhjálmss P. Gíslasonar um þilskipaútgærdina þar. Í nýju útgáfunni er auk þess 615 myndir í stað 300 mynda í hinni fyrri.

Að því er Gils Guðmundsson, rithöfundur og alþingismaður, tjáði Mbl. vann hann þetta rit á

árunum 1942 og 44 og um ástæðuna sagði hann, að þar hefði komið tvennt til — annars vegar áhugi hans sjálfs á efninu og hins vegar áhugi útgefandans, Guðjóns Ó á að gefa út rit um þetta efni. Gils kvaðst víða hafa leitað fanga um þetta tímabil, bæði v: róandi heimildir og myndir en drýgstar hefðu honum þó orðið ferðir hans út um land, þar sem hann átti viðtöl við kunnuga um útgærd þilskipanna.

Að sögn Gils spannar Skútuöldin að mestu 18. og 19. öldina, en í flestum landshlutum stóð hún frá u.þ.b. 1830—1930 en nokkru skemur hér suðvestanlands eða frá 1880—1920. Þrátt fyrir að skúturnar hafi verið hér allsróandi allan þennan tíma, eru til nánast engar áþreifanlegar minjar um þetta tímabil. Færeyingar keyptu flesta kúttarana héðan á árunum í kringum heimsstyrjöldina fyrri, og þangað var sóttur

eini kúttarinn sem til er í landinu, kúttur Sigurfari á Akranesi, sem keyptur var 1974 fyrir forgöngu Byggðasafnsmanna á Skaganum. Hins vegar hefur safnið enn ekki haft nægileg peningaráð til að gera skipið upp og kvað Gils illt til þess að vita ef þessi eini minnisvarði um skútuöldina ætti eftir að drabbast niður af þeim sökum.

Skútuöldin er alls um 1750 bls. eða sem svarar til tíu meðalstórra bóka, að sögn útgefandans. Nauðsynlegar skrár fylgja með aftast í fimmta bindi verksins og eru þær um 90 bls. en í ritinu öllu koma fyrir um 2100 mannanöfn, tæplega 1300 staðanöfn og um 750 skip eru nefnd eða koma við sögu. Bókin kostar út úr búð um 39.600 krónur en unnt er í öllum bóka-búðum að fá hana með afborgunarkjörum — 15 þús. krónur þá er bókin er keypt en síðan Framhald á bls. 22.

Borgfirzk blanda

ÚT ER komin hjá Hörpuútgáfunni á Akranesi bókinn Borgfirzk blanda. — Sagnir og fróðleikur úr Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem Bragi Þórðarson hefur safnað.

Bókin skiptist í þjóðlífsþætti, persónuþætti, sagnþætti, frásagnir af draumum og dulrænu efni, frásagnir af slysförum, ferðabætti og vísnapátt. Fátt af þessu efni hefur verið prentað áður. Meðal höfunda sem eiga efni í bókinni, eru: Andrés Eyjólfsson í Síðumúla, Árni Óla ritstjóri, Björn Jakobs-son tónskáld og ritstjóri frá Varmalæk, Hallgrímur Jónsson fyrrv. hreppstjóri á Akranesi, Guðmundur Illugason frá Skógum í Flókadal, Magnús Sveinson, kennari og fróðim., frá Hvítstöðum, Ólafur B. Björnsson ritstjóri, Akra-

nesi, Sigurður Jónsson frá Haukagili, Sveinbjörn Beinteinnsson frá Draghálsi, Þórður Kristleifsson, kennari og söngstjóri, frá Stóra-Kroppi, Bragi Þórðarson, Akranesi.

Í Borgarfjarðarhéraði hefur ekki verið útgáfa af þessari gerð síðan Kristleifur Þorsteinsson fræðimaður á Stóra-Kroppi skrifaði þætti sína, sem birtir voru í Héraðssögu Borgarfjarðar og bókunum Úr byggðum Borgarfjarðar.

BORGFIKZK BLANDA er 240 bls. í stóru broti, innbundin í vandað band. Í bókinni eru myndir og nafnaskrá.

Káputeikningu gerði Ragnar Lár. Bókin er prentuð og bundin í Prentverki Akraness hf.

Yfirlitssýning á pólskri grafík að Kjarvalsstöðum

„Þeir, sem fylgjast með graffiklist, eru almennt sammála um að fáar þjóðir standi Pólverjum jafnfætis í þeirri grein ...“ segir í dreifibréfi listráðs Kjarvalsstaða.

Það er því ekki, að ætla má, að ófyrirsýnju að listráð Kjarvalsstaða hefur ákveðið að kynna almenningi blóma pólskrar graffiklistar. Mun sýningin verða opnuð að Kjarvalsstöðum n.k. laugardag 12. nóv. kl. 13.

Það er fyrir tilstuðlan pólska menntamálaráðuneytisins að sýningin er opnuð hér og eru myndirnar valdar af einum kunnast graffiklistamanni Pólverja, Ryszard Otreba, úr verkum 34 listamanna. Otreba mun einnig halda fyrirlestur um graffík og rannsóknir sínar á táknum og ráðningu þeirra.

„Það liggur tveggja ára vinna


ad baki þessarar sýningar,“ sagði Otreba. Hann kvað graffík vera mjög vinsæla í Póllandi, en það ætti þó frekar við um listamennt en almenning og fannst honur eftirtektarvert hve undirtektir væru miklu almennari á Íslandi.

„Í Póllandi lifa menn ekki að sölu verka sinna,“ sagði hann, „og vinna langflestar við kennslu.“ Enn fremur sagði hann að list-skólar í Póllandi væru mjög stórir, en mikið væri lagt upp úr náinni samvinnu nemenda og kennara. Sérhver listamaður yrði að vera meðlimur í listamanna-samtökunum pólsku til að vera viðurkenndur sem slíkur. Menn fengju hins vegar því aðeins inngöngu í samtökin að þeir hefðu lokið meistaraþrófi frá listaháskóla. Þeir sem sýndu á þessari sýningu hefðu til dæmis allir að

baki a.m.k. 6 ára nám í graffiklist. Hann sagði að námslaun fengju listnemar ekki, en um 80 af

hundraði fengju ríkisstyrk.

Aðspurður um hvaða áhrif það hefði haft á pólska graffiklist, er




Hjólreiðar eru eitt af uppáhalds-viðfangsefnum pólskra graffiklistamanna. Myndin er eftir Mieczyslaw Wejman, rektor Listakademíunnar í Kraká.

Pólverjar tóku að opna sig meira fyrir umheiminum fyrir nokkrum árum, sagði Otreba að pólskir graffiklistamenn væru nú ekki lengur þeir einu, er hefðu á að skipa framúrskarandi mönnum. Hefði umheimurinn e.t.v. hagnast meira á því en Pólverjar sjálfir.

Eftir opnun verður dagskráin sem hér segir: Þriðjudag, 15. nóv. kl. 20.30: fyrirlestur, Ryszard Otreba. Sunnudaginn 20. nóv. kl. 20.30 pólsk nútímatónlist. Miðvikudag 23. nóv. kl. 20.30 kvikmynd um pólska graffík. Fimmtudag, 24. nóv. kl. 21.00 um pólska vefjalist, Hrafnhildur Schram.

Sýningin stendur yfir í tvær vikur.



Ryszard Otreba hjá þremur verkanna á sýningunni. Otreba er varforseti hins Alþjóðlega biennals graffiklistar í Kraká.



Safnað hefur Bragi Þórðarson

Vetur genginn í garð á Húsavík

Húsavík, 11. nóvember.

FYRSTA vetrarhrfóin er í dag, norðan allhvað með dálftilli snjókomu en ekki stórhjó. Fært er um héraðið, þótt eitt-hvað sé farið að þyngjast sums staðar. Enginn teljandi snjór er kominn hér á láglendi, en hætt við að til heida sé orðið þungfært.

Rækjuveiði í Óxarfirði hófst frá Húsavík og Kópaskeri í fyrradag og er rækjan sögð stór og falleg og lítið af seiðum í henni. Rafmagnslaust varð hér skyndilega klukkan 17.30, sem mun vera vegna einhverra rennslustruflana í Laxá og talið er um að einhver skömmun verði á svæðinu. — Fréttarit-ari